

6. FUNDARGERÐ - STJÓRNARFUNDUR FÍN 2022-2023

3. OKTÓBER 2022, KL. 11:15-12:45 – FJARFUNDUR

MÆTT VORU:

Benóný Jónsson, Berglind Ósk Alfreðsdóttir, Guðrún Nína Petersen, Jón Már Halldórsson, Kristín Hermansdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Margrét Geirsdóttir, Marianna H. Helgadóttir, Ríkey Kjartansdóttir, Sigvaldi Thordason, Stefán Már Stefánsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir, Torfi Geir Hilmarsson, Una Bjarnadóttir, Unnur Magnúsdóttir og Þorkell Heiðarsson.

Gestur fundar: Runólfur Vigfússon, lögfræðingur FÍN

Fundarritari: Stella Hrönn Jóhannsdóttir

FUNDARGERÐ:

Formaður setti fund kl. 11:19.

Dagskrá

1. Fundargerðir síðustu funda

Afgreiðsla: Fundargerðir frá 13. júní 2022, 22. ágúst 2022 og 5. september 2022 lagðar fram.

2. Nýir félagsmenn

Afgreiðsla: Allar 13 umsóknir um aðild að félaginu samþykktar.

3. Beiðni um greiðslu lögfræðikostnaðar

Runólfur Vigfússon (RV) lögfræðingur FÍN kom inn á fundinn og fór yfir málsatvik. Málið snýst um ágreining vegna mats á menntun og sí- og endurmenntun hjá ríkisstofnun. Málið er að hluta til fordæmisgefandi. Málið er yfirgripsmikið og því líklegt að málareksturinn verði kostnaðarsamur.

a) Lagt var til að FÍN fari með málið fyrir Félagsdóm.

Afgreiðsla: Samþykkt með 12 atkvæðum gegn 3 sem voru á móti. Alls sátu 2 hjá við afgreiðsluna.

- b) Lagt til að RV og sá lögmaður sem fer með málið fyrir dóm fari yfir fyrirbyggjandi gögn og vinsi frá þau atriði sem eru ólíkleg til árangurs til að gefa viðkomandi sem bestar líkur á að vinna málið í heild.

Afgreiðsla: Samþykkt.

RV vék af fundi.

4. Starfsdagur stjórnar FÍN

MHH kynnti dagskrá starfsdags stjórnar verður haldin að Hótel Glym í Hvalfirði 7.- 8. október nk.

5. Önnur mál

- a) RK upplýsti um að til standi að færa fjárheimildir Raunvísindastofnunar af fjárlögum undir HÍ. Fjárhagur Raunvísindastofnunar er tvískiptur, annars vegar sjálfsaflafé (2/3) og hins vegar af fjárlögum (1/3). Fjallað var um málið á stjórnarfundum. RK mun halda stjórn upplýstri um gang mála.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 12:43.